

Alþingi

b.t. alsherjar og menntamálanefndar

150 Reykjavík.

Reykjavík 06.02.2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili, þingskjal 33-33. Mál, lög frammi á 144. Löggjafarþingi 2014-2015

Ég undirritaður vil koma á framfæri ósk um að bætt verði við þessa þingsályktartillögu heimild til að skrá lögheimili í skipulagðri frístundabyggð, þar sem byggingar eru hannaðar og byggðar sem heilsárshús, og sveitarfélög gera kröfu um heilsársbyggingar, á steiptum grunni og samkv. byggingarreglugerð, og í samræmi við samþykktir viðkomandi sveitarstjórnar eða bæjarfélags.

Ég vil rökstiðja þessa ósk, á svipuðum nótum og þingsályktunartillagan er rökstudd.

Eftir svokallað hrun (bankahrunið) mistu margir heimili sín, margir áttu og eiga sumarhús eða frístundahús og völdu að berjast við að halda þeirri eign og selja frekar frá sér heimilið, sem var hvort sem er að tapast í óðaverðbólgu, og vegna lélegrar afkomu (vegna atvinnuleysis og hækkunar á allri vöru og þjónust).

Nú þurfa margir sem eiga góð frístundahús að vera upp á vini og ættingja komnir með að skrá lögheimili, en gætu verið skráðir í húsi sem þeir eiga, en mega ekki nýta sér í neyð sinni, þeir verða samt að borga full gjöld til viðkomandi sveitarfélags, vegna þessa húsnæðis.

Mörg sveitarfélög eru illa stödd fjárhagslega og væri það því kærkomið að geta aukið við tekjustofna sína með fleiri útsvarsgreiðendum.

Breyta þarf til baka þeirri breytingu sem gerð var á lögnum um lögheimili í árslok 2006 og gera sveitarfélögum kleif að leyfa lögheimilisskráningu í frístundahúsum, byggðum sem heilsárshús.

Óska eftir að þetta erindi verði tekið með sem umsögn, þó seint komi.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörn Ingi Sigurðsson
Raffræðingur
Engjaseli 69
109 Reykjavík.